

Nd.

### 3. Frumvarp til laga

[3. mál]

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátáútsvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

#### 1. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 10. gr. komi þrjár nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Á árinu 1952 er sjóðsstjórninni heimilt, með samþykki ráðherra, að skerða stofnfé síldveiðideildar.

Ríkisstjórninni er heimilt, f. h. ríkissjóðs, að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán, er stjórn hlutatryggingasjóðs tekur fyrir hönd síldveiðideildar hjá hinni almennu fiskideild, svo og að ákveða, að ríkissjóður greiði vexti af lánum síldveiðideildar.

Togarar, sem gerðir hafa verið út á síldveiðar sumarið 1952, skulu njóta sömu bóta úr síldveiðideildinni og síldveiðiskip í I. flokki.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

#### Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949,  
um hlutatryggingasjóð bátáútsvegsins.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að sökum þess að síldveiði hafi enn brugðizt í sumar þá sé alger vá fyrir dyrum, ef síldarútsvegsmönnum verði ekki veitt aðstoð vegna aflabrestsins, og að eðlilegt sé, að lögunum um hlutatryggingasjóð bátáútsvegsins, nr. 48/1949, verði breytt í það horf, að síldveiðideild hlutatryggingasjóðsins verði heimilað að nota stofnfé sitt og jafnframt að taka lán hjá fiskideildinni með ábyrgð ríkissjóðs til þess að veita aðstoð samkvæmt reglum sjóðsins. Þá þyki rétt, að togarar, sem gerðir hafa verið út á síldveiðar í sumar, njóti bóta úr hlutatryggingasjóðnum.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn beri til að gera umrædda breytingu á lögum um hlutatryggingasjóð, eru hér með samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar gefin út bráðabirgðalög á þessa leið:

#### 1. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 10. gr. komi þrjár nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Á árinu 1952 er sjóðsstjórninni heimilt, með samþykki ráðherra, að skerða stofnfé síldveiðideildar.

Ríkisstjórninni er heimilt, f. h. ríkissjóðs, að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán, er stjórn hlutatryggingasjóðs tekur fyrir hönd síldveiðideildar hjá hinni almennu fiskideild, svo og að ákveða, að ríkissjóður greiði vexti af lánum síldveiðideildar.

Togarar, sem gerðir hafa verið út á síldveiðar sumarið 1952, skulu njóta sömu bóta úr síldveiðideildinni og síldveiðiskip í I. flokki.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. ágúst 1952.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.